

Alþingi 9.2.2015

Nefndasvið Alþingis,
Atvinnuveganefnd
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Málsnr.: 1410104
Málalykill: 0.34.4

Garðabær, 05. febrúar 2015
2015010035/42-1-3
TB
jgo/tb

Þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 244. mál, og breytingartillögur þar við

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá atvinnuveganefnd Alþingis, dags. 26. janúar sl., þar sem Náttúrufræðistofnun Íslands er veittur kostur á að gefa umsögn um tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 244. mál, og tvær breytingartillögur frá atvinnuveganefnd þar við. Í annarri breytingartillögunni, meirihluti nefndarinnar, er lagt til að tillögunni þingsályktunartillögunnar orðist svo: Alþingi ályktar að eftirfarandi breytingar verði á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 13/141: Eftirtaldir liðir í a-lið 2. tölul. (Biðflokkur) færast í a-lið 1. tölul. (Orkunýtingarflokkur):

- Suðurland, Þjórsá, 31 Urriðafossvirkjun;
- Suðurland, Þjórsá, 29 Hvammsvirkjun;
- Suðurland, Þjórsá, 30 Holtavirkjun;
- Suðurland, Kaldakvísl, 26 Skrokkölduvirkjun;
- Suðurland, Farið við Hagavatn, 39 Hagavatnsvirkjun.

Hin breytingartillagan, minnihluti nefndarinnar, er frávísunartillaga á framangreinda breytingartillögu þar sem lagt er til að málinu verði vísað til umhverfis- og auðlindaráðherra sem feli verkefnisstjórn skv. 8. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun að fjalla um þann kost sem tillagan felur í sér og flokki hann ásamt þeim virkjunarkostum sem Orkustofnun hefur sent verkefnisstjórn þriðja áfanga rammaáætlunar, sbr. tilkynningu þar að lútandi frá 20. janúar 2015.

Umsögn

Þar sem nokkuð er um liðið síðan þingsályktun um 2. áfanga rammaáætlunar var samþykkt og að tillaga til þingsályktunar, 244 mál., var fyrst tekin til umfjöllunar af atvinnuveganefnd óskaði Náttúrufræðistofnun eftir því að verkefnisstjórn rammaáætlunar upplýsti stofnunina um hvort einhverjir framangreindra virkjanakosta, að undanskildri Hvammsvirkjun, hafi hlotið fullnægjandi umfjöllun í verkefnisstjórn rammaáætlunar í samræmi við lög um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011.



Í svari verkefnisstjórnar rammaáætlunar sem barst stofnuninni með tölvupósti 5. febrúar sl. segir: Það er mat verkefnisstjórnar að enginn umræddra virkjunarkosta, að Hvammsvirkjun frátalinni, hafi hlotið fullnægjandi umfjöllun í verkefnisstjórninni í samræmi við lög um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011. Þetta mat endurspeglast í tillögu verkefnisstjórnar til ráðherra, dags. 21. mars 2014.

Hvað varðar Urriðafossvirkjun og Holtavirkjun í Þjórsá (lið a og c í umræddri breytingatillögu), kemur fram í tillögu verkefnisstjórnar, dags. 21. mars 2014, að verkefnisstjórnin telji upplýsingar um tiltekin atriði skorta til þess að hægt verði að taka afstöðu til virkjunarkostanna. Þessi niðurstaða var m.a. í samræmi við umsögn Náttúrufræðistofnunar, dags. 13. nóv. 2013.

Hvað Skrokkölduvirkjun varðar (lið d í umræddri breytingatillögu) kemur fram í tillögu verkefnisstjórnar, dags. 21. mars 2014 að snemma í ferlinu hafi orðið ljóst „að ekki yrði mögulegt að afla þeirra gagna sem upp á vantaði þannig að hægt væri að leggja fram endurskoðaða tillögu á Alþingi í febrúar 2014, enda ljóst að endurmeta þyrfti m.a. áhrif virkjananna á víðerni og verndarsvæði Vatnajökulshjóðgarðs, svo og samlegðaráhrif virkjananna og flutningskerfa raforku. Verkefnisstjórn taldi sig ekki hafa forsendur til að meta þessa þætti án aðkomu fullskipaðra faghópa, enda óljóst hvort slíkt vinnuferli stæðist ákvæði 1. mgr. 9. gr. laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun“.

Hvað Hagavatnsvirkjun varðar (lið e í umræddri breytingatillögu) var ljóst eftir vettvangsferð verkefnisstjórnar sumarið 2013 að „auk óvissu, sem áður var getið varðandi áhrif á sandfok, náttúrulega landmótun, útivist og ferðapjónustu, var óljóst hvernig tengingu virkjunarinnar við flutningskerfið yrði háttáð. Þar með hafði skapast ný óvissa um fyrirkomulag og áhrif línulagna frá virkjuninni og samlegðaráhrif virkjunar og flutningskerfis. Að athuguðu máli taldi verkefnisstjórn sig ekki hafa forsendur til að meta virkjunarkostinn án aðkomu fullskipaðra faghópa, enda óljóst hvort slíkt vinnuferli stæðist ákvæði 1. mgr. 9. gr. laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun“. Í þessu sambandi er einnig rétt að benda á að verkefnisstjórn 2. áfanga lauk aldrei umfjöllun sinni um Hagavatnsvirkjun og raðaði henni því í biðflokk.

Í 5. gr. laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun er fjallað um biðflokk og þar segir:

Í biðflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar falla virkjunarkostir sem er talið að afla þurfi frekari upplýsinga um svo meta megi á grundvelli sjónarmiða sem fram koma í 4. mgr. 3. gr. hvort þeir eigi að falla í orkunýtingarflokk eða verndarflokk.

Stjórnvöldum er ekki heimilt að veita leyfi tengd orkuvinnslu vegna virkjunarkosta sem eru í biðflokki.

Heimilt er að veita leyfi tengd orkurannsóknnum og stunda orkurannsóknir sem ekki eru leyfisskyldar vegna virkjunarkosta í biðflokki enda séu framkvæmdir vegna þeirra ekki matsskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum eða háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar eða, þegar við á, úrskurði ráðherra.

Virkjunarkostir sem verndar- og orkunýtingaráætlun á að taka til skv. 3. mgr. 3. gr. og ekki hefur verið tekin afstaða til í gildandi verndar- og orkunýtingaráætlun skulu lúta sömu reglum og virkjunarkostir í biðflokki áætlunarinnar.




Niðurstaða

Í samræmi við 1. og 5. gr. laga nr. 48/2011 og í ljósi svars verkefnisstjórnar rammaáætlunar telur Náttúrufræðistofnun að ekki hafi verið lagt fullnægjandi mat á verndar- og orkunýtingargildi umræddra landsvæða/virkjunarkosta og ekki lagt fullnægjandi mat á efnahagsleg, umhverfisleg og samfélagsleg áhrif nýtingar, þ.m.t. verndunar, þeirra virkjunarkosta sem lagt er til að færðir verði í nýtingarflokk í breytingartillögu meirihluta atvinnuveganefndar. Náttúrufræðistofnun telur því að verkefnisstjórn rammaáætlunar eigi eftir að fjalla um alla framangreinda virkjunarkosti að undanskildri Hvammsvirkjun, sjá einnig meðfylgjandi bréf, svo hægt sé að ákveða hvort þeir falli í nýtingar- eða verndarflokk.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

Meðf. Bréf Náttúrufræðistofnunar Íslands til atvinnuveganefndar Alþingis dags. 5. nóvember 2014.

